

Atvinnuveganefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sandgerði, 13. mars 2018

Efni: Umsögn Samtaka náttúrustofa um frumvarp til laga um lax- og silungsveiði (stjórn álaveiða), 215. mál.

Vísað er til erindis nefndarsviðs Alþingis dags. 6. mars sl. þar sem náttúrustofum er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um lax- og silungsveiði (stjórn álaveiða).

Samtök náttúrustofa taka undir að eðlilegt sé að skýr heimild sé í lögum um lax- og silungsveiði sem veiti ráðherra leyfi til að grípa til verndaraðgerða vegna stöðu ála á Íslandi ef þörf er talin á. Vakin er athygli á því að heimild til slíkra aðgerða er til staðar í lögum, er þá vísað til bæði 2. gr og 56. gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka náttúrustofa


Sindri Gíslason, formaður SNS